

Ed.

461. Frumvarp til laga

[179. mál]

um heimild til hækkunar kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964—65.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að semja um hækkun á kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum úr 11,25 milljónum dollara í 15 milljónir dollara.

Seðlabanki Íslands skal leggja fram það fé, sem þarf vegna hækkunar kvótans, sbr. 22. gr. laga nr. 10 29. marz 1961, um Seðlabanka Íslands.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þegar Ísland gerðist aðili að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum var kvóti Íslands hjá sjóðnum ákveðinn 1 milljón dollara. Árið 1959 var kvótinn hækkaður í 1,5 milljónir dollara í sambandi við almenna hækkun kvóta. Árið 1960 var hann hækkaður upp í 11,25 milljónir dollara í sambandi við efnahagsráðstafanirnar, sem þá voru gerðar. Á síðasta aðalfundi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sem haldinn var í Tokio í september 1964, var samþykkt almenn hækkun kvóta aðildarríkja um 25%. Verður kvóti Íslands samkvæmt því 15 milljónir dollara eftir þeim reglum, sem um hækkunina gilda. Hin almenna hækkun á kvótum aðildarríkja er gerð til þess að auka möguleika sjóðsins til að gegna hlutverki sínu, sem m. a. felst í því að aðstoða aðildarríki, sem eiga í tímabundnum greiðsluferfiðleikum. Ísland fær þannig við hækkunina aukna möguleika til að notfæra sér fjárhagsaðstoð sjóðsins, ef þörf krefur.

Hækkun kvótans þarf að greiða að $\frac{1}{4}$ í gulli eða dollurum, en $\frac{3}{4}$ hlutar færast í krónum inn á reikning Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í Seðlabankanum.

Með lögum nr. 10 29. marz 1961, um Seðlabanka Íslands, varð bankinn fyrir ríkisins hönd fjárhagslegur aðili að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Er því í frumvarpinu gert ráð fyrir, að Seðlabankinn leggi fram það fé, sem þarf vegna hækkunarinnar.

Af hækkun kvótans hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum leiðir ekki hækkun kvóta í Alþjóðabankanum að þessu sinni.